

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJÞ	Efni fundar 103. stjórnarfundur haldinn 23. nóvember 2016 Hótel Natura Reykjavík	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 23.nóvember 2016	Tími 11:30-15:00	Staður Reykjavík	Nr. Fundar 103
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 23.11.16	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Sigmundur Einarsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Guðrún Jónsdóttir, Vilhjálmur Vilhjálmsson, Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri			
Óli Halldórsson og Ruth Magnúsdóttir sátu fundinn í fjarfundi.			
Boðuð forföll: Af aðalmönnum boðuðu forföll: Guðmundur Hörður Guðmundsson			

Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Fjármál Vatnajökulsþjóðgarðs.
Ársreikningur 2015
Staða viðfanga 2015
3. Önnur mál.
 1. Formaður setti fund og fór yfir dagskrá fundarins. Ekki voru gerðar athugasemdir við dagskrá.
 2. Fjármál Vatnajökulsþjóðgarðs. Kristinn Valtýrsson ráðgjafi fór yfir ársreikning fyrir árið 2015. Rætt um framsetningu annara gagna um fjármál þjóðgarðsins til stjórnar og hvenær á fjárhagsárinu stjórn vill fá ákveðin gögn í hendur. Stjórn óskar eftir því að fá tölur fyrir stöðu viðfanga fyrir yfirstandandi ár með fyrirvörum inn til stjórnar og svæðisráða í byrjun desember í tengslum við vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs.
Lögð fram staða viðfanga 2015. Stjórn óskar eftir frekari greiningu á nokkrum liðum. Einnig er óskað eftir greiningu á kostnaði við gestastofur í þjóðgarðinum. Stjórn óskar eftir framsetningu á stöðu viðfanga ásamt samanburði við þrjú undanfarin ár. Jafnframt var lögð áhersla á að greina umrædda þætti niður á svæðin.
3. Önnur mál:
 - a. Formaður svæðisráðs á austursvæði ræðir aðstöðu fyrir nýráðna starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs leggur fram eftirfarandi bókun svæðisráðs á austursvæði sem samþykkt var með tölvupóstssamskipum 21.nóvember 2016.

Svæðisráð leggur til við stjórn að Vatnajökulsþjóðgarður komi sér upp skrifstofuáðstöðu á Egilsstöðum fyrir ráðningu nýrra starfsmanna á fjármálasviði. Þá verði vinnuástaða í Snæfellsstofu nýtt áfram eftir því sem hentar hverju sinni

Stjórn felur formanni, varaformanni, framkvæmdastjóra og formanni svæðisráðs á austursvæði að skoða þá kosti sem eru fyrir hendi.

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

- b. Formaður svæðisráðs á austursvæði spyr um erindi frá forsætisráðuneyti til Vatnajökulsþjóðgarð varðandi stofnun lóðar í Kverkfjöllum. Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um stöðu málsins.
- c. Næsti stjórnarfundur verður 7. desember n.k í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 15:00

Verkefni ákveðin á fundinum:

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúkist fyrir
1			
2			
3			
4			
5			
6			